
Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Saga verslunar og utanríkisviðskipta.
Fornleifarannsókn 2024 - 5. áfangi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1012-17255

Fornleifastofun Íslands

Reykjavík 2025



Á forsiðu má sjá ljósmynd af gryfju [G631] sem er undir norðurhluta Fönix. Ljósmynd:
Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2025

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

MÍ201706-0054

Þjóðminjasafnsnúmer

2024-21

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Fornleif númer 274. Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir, 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.*

Uppgraftarskýrslur: Ágústa Edwald Maxwell, 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2022; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2024

Stutt lýsing rannsókna

Fornleifarannsókn á svonefndum Vesturbúðarhól á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð var á Íslandi á einokunartímanum, með síðari tíma viðbótum. Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir eru því aðeins grunnar húsanna. Fornleifarannsókn á svæðinu er forsenda fyrir hugmyndum um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920, en þá hýstu þau stærstu verslun Sunnlendinga, og um leið að auka við þekkingu á sögu verslunar á Eyrarbakka, sem og landinu öllu.

Tegund rannsókna

Vísindarannsókn

Staðsetning

Vesturbúðarhóll við Búðarstíg á Eyrarbakka, Árborg.

GPS hnit

ISN93: A 393867 N 375262

Rannsóknartími

27.05.2024 til 07.06.2024.


Leyfishafi

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fjöldi starfsmanna

Sex fornleifafræðingar

Staðsetningarkort



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins er sýnd með rauðum punkti.

Útdráttur

Fimmti áfangi fornleifarannsókna á Vesturbúðarhól, fór fram vorið 2024. Rannsóknarsvæðið var 23 x 13 m að stærð og afmarkaðist við vestasta húsið á svæðinu, Fönix. Byrjað var að fjarlægja undirstöðuveggi [G533] hússins sem og allar hleðslur og viðgerðir meðfram þeim. Flest jarðlögin á uppgraftarsvæðin voru hreyfð og samanstóðu af blönduðum sandlögum og grjóti. Staðfest var að eldri mannvirki er að finna á svæðinu, en veggur sást í sniði undir Fönix. Að auki fannst eldra mannvirki undir húsinu til norðausturs en ekki tókst að fullgrafa það. Þar sést m.a. stétt og gryfja fódruð múrsteinum.

Alls fundust tæplega 5200 gripir sem skráðir voru undir 981 fundanúmerum. Í gripasafninu eru gripir frá seinni hluta 18. aldar fram á 20. öld, líkt og fyrri ár en stærra hlutall gripanna er þó frá fyrri hluta tímabilsins. Í gripasafninu sjást m.a. vísbendingar um að sökkur hafi verið unnar á staðnum.

Lykilorð: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, verslunarsaga, 18. öld

Abstract

The fifth season of archaeological research at Vesturbúðarhóll was conducted in the spring of 2024. The excavation area, measuring 23 x 13 m, focused on the westernmost building at the site, Fönix. The primary objective was to excavate the foundation walls [G533]. Most of the deposits within the excavation site were disturbed, consisting of mixed sand and stone.

The excavation demonstrated that earlier structures are to be found under the remains of Fönix, visible in a section just east of wall [528]. In addition, a second structure was identified underneath the building foundations in the northeast corner of the excavation site, although this could not be fully excavated. This structure included a paved area and a brick-lined pit.

In total, approximately 5,200 artifacts were recovered and catalogued under 981 find numbers. The collection includes items dating from the late 18th century to the 20th century, like previous years, though most of the artifacts are from the earlier part of this period.

Keywords: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, trade history, commerce, 18th century

Efnisyfirlit

1. Inngangur	9
Samfélagið	10
2. Saga rannsókna á Vesturbúðarhól	11
3. Vettvangsrannsókn	13
Aðferðafræði	13
Jarðvegssýni	14
Uppgröftur	15
Yfirborðslög	16
Undirstöðuveggir [533]: eldra byggingarstig	17
Könnunarskurðir [609] og [622]	17
Viðbætur [636] og [642]: yngri byggingarstig	19
Jarðlög og mannvirki tengd notkun Fönix	22
Eldri mannvirki og jarðlög	23
Gripir	25
Fönix	26
<i>Málmur</i>	26
<i>Leir</i>	28
<i>Gler</i>	29
<i>Lífræn efni</i>	30
<i>Steinn og steinefni</i>	31
<i>Kol</i>	32
<i>Gerviefni og önnur efni</i>	32
Krambúð - Hreinsun	32
<i>Málmur</i>	32
<i>Leir</i>	33

<i>Gler</i>	33
<i>Lífræn efni</i>	34
<i>Steinn og steinefni</i>	34
<i>Kol</i>	34
Lausafundir	34
<i>Málmur</i>	34
<i>Leir</i>	34
<i>Gler</i>	35
<i>Lífræn efni</i>	35
<i>Steinn</i>	35
 4. Niðurstöður	 36
 Heimildaskrá	 38
 Myndaskrá	 40
 Viðauki I: Einingaskrá	 42
 Viðauki II: Ljósmyndaskrá	 44
 Viðauki III: Jarðvegssýni	 48
 Viðauki IV: Gripaskrá	 49



Mynd 2. Yfirlit af uppgrafsarsvæðum á Vesturbúðarhól. Húsið Fönix er vestar og var rannsakað árin 2019, 2021–2022 og 2024. Eystra svæðið var opnað sumarið 2023. Á myndinni sjást undirstöðuveggir, viðbætur og könnunarskurðir. Kortagerð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

1. Inngangur

Vesturbúðarhóll er um 110 x 45 m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950.¹ Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir stóðu því aðeins sjálfir grunnar húsanna undir sverði. Fornleifarannsókn á svæðinu er forsenda hugmynda Vesturbúðarfélgsins um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920 og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka. Ekki hafa áður verið grafin upp í heild sinni á Íslandi verslunarhús frá tímabilinu 1600–1900. Á fjórum stöðum hefur þó verið grafið í hluta verslunarhúsa frá einokunartímanum og reynt að skoða þennan merka tíma með augum fornleifafræðinnar.²

Fimmti áfangi fornleifarannsóknna á Vesturbúðarhól fór fram 27. maí til til 7. júní 2024 á vestasta mannvirki verslunarhúsanna, þar eru undirstöður húss sem var kallað Fönix og var vörugæmsluhús. Árin 2019–2022³ voru undirstöður þessa húss rannsakaðar en árið 2023⁴ var nýtt svæði opnað austan við það (sjá mynd 3). Uppgriftarsvæðið í ár var alls 240 fm² og var afmörkunin sú sama og fyrri ár sem þarna var grafið. Samanlagt er því búið að opna og verið að rannsaka um 330 fm² á Vesturbúðarhól. Alls voru 5–6 fornleifafræðingar við störf hverju sinni meðan á rannsókninni stóð.

Markmið uppgriftarins árið 2024 er að ljúka rannsókn á undirstöðuveggjum [G533] sem og öllum hleðslum og viðgerðum meðfram þeim. Þegar þeirri vinnu er lokið verður hægt að fá betri mynd af hleðslum og mannvirkjum sem sjást undir Fönix og athuga hvort tengsl séu á milli þeirra.

Rannsóknin var fjármögnuð af Vesturbúðarfélaginu sem hlaut styrk úr Fornminjasjóði árið 2024. Starfsmenn við uppgröftinn voru fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Jacob Clark Cuyler, Sólveig G. Beck, Lovísa Jónsdóttir og Stefán Ólafsson. Um úrvinnslu og ritun skýrslu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. Sólveig G. Beck sá um greiningu á steinum og Gavin Lucas greindi leirker, gler og krítarpípur. Þeim eru færðar þakkir fyrir sitt framlag til þessarar rannsóknar.

Líkt og fyrri ár samþykkti stjórn Byggðasafns Árnesinga tillögu safnstjóra að safnið myndi styrkja við rannsóknina í formi vinnuáðstöðu í varðveisluhúsi sínu meðan á vettvangsvinnu stendur næstu ár. Þetta samstarf er mikilvægur hluti af þátttöku almennings og er starfsfólki safnsins færðar þakkar fyrir samstarfið.

1 Lilja Árnadóttir 1989: 14

2 Lucas, Gavin ofl. 2021: 194; Martin, Kevin 2022; Jakob Orri Jónsson 2021; Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir 2019

3 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2022; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023

4 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir 2024

Samfélagið

Stefnt er að því að rannsóknin sé samfélagslegt verkefni og haldið var áfram á þeirri vegferð árið 2024. Fyrirhugað er að meistararitgerð verði unnin af nemenda í Háskóla Íslands næsta vetur tengd rannsóknum á Vesturbúðarhól. Undirbúningvinna er þegar hafin, m.a. á sögu verslunar á Eyrarbakka sem og sögu húsanna. Það er ljóst að mikill fengur er í áhuga nemenda á þessu viðfangsefni. Að auki var leitað til heimamanna eftir fremsta megni við aðkeypta þjónustu.

Að uppgreftri loknum var plastdúkur sett yfir allt það svæði sem hefur verið opnað á Vesturbúðarhól, alls um 330 m² og hann fergður með torfi. Að auki var svæðið girt af með einfaldri girðingu og með þeim hætti var reynt að hafa svæðið snyrtilegt enda er það inni í miðju þorpi og áberandi.

best varðveitt samkvæmt jarðsjármælingum. Í könnunarskurðinum komu fram veggjahleðslur og röð jarðlaga sem urðu til við niðurrif hússins.¹¹

Haustið 2019 var grafið í Vesturbúðahól undir formerkjum Vesturbúðarfélagsins en Fornleifastofnun Íslands hafði umsjón með rannsókninni.¹² Það samstarf er enn við lýði. Markmiðið var að kanna umfang, aldur og varðveisluskilyrði fornleifa í Vesturbúðarhól sem og að athuga hvort eldri verslunarbúðir hafi verið á svæðinu áður en ritaðar heimildir geta húsa þar. Ákveðið var að opna 25 fm² svæði í vesturhluta hólsins, nánar tiltekið í hús sem kallað var Fönix. Tvö byggingarstig komu í ljós við uppgröftinn; grjóttundirstöður hússins og stækkun sem hafði í för með sér breikkun á undirstöðum. Minjarnar eru frá 18. öld og allt fram til seinni hluta 20. aldar sé horft til gripanna.

Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust af fullum krafti haustið 2021. Byrjað var að grafa upp grunninn á vestasta húsinu á svæðinu, Fönix, alls um 220 m². Flest mannvistarlögin tengjast annars vegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir útveggir og niðurgröftur við gerð þeirra, grjótpúkk undir gólfi og hins vegar niðurrifi þess, járnarusl, rúðugler og gripir frá miðri 20. öld.¹³

Sumarið 2022 var haldið áfram að rannsaka Fönix, auk þess sem byrjað var að grafa kolageymslu norðan við húsið. Flest jarðlögin voru hreyfð og samanstóðu af blönduðum sandlögum og grjóti. Gripir frá ólíkum tímum fundust í sömu jarðlögum sem ber vitni um mikla blöndum vegna niðurrifs húsanna en einnig þess hversu sendið svæðið er.¹⁴

Sumarið 2023 var ákveðið var að opna nýtt svæði, þ.e. vestasta hluta syðsta hússins og athafnasvæði á milli þess og Fönix. Alls hefur því um 330 fm² stórt svæði verið opnað á Vesturbúðarhól. Ekki er hægt að segja til hvernig veggirnir eru gerðir eða hvort eldri byggingar séu undir sverði, einungis var grafið niður á veggina. Vestan við húsið kom í ljós lagnaskurður og frárennsli sem tengja má við uppbyggingu á innviðum bæjarins við upphaf 20. aldar.¹⁵

11 Ágústa Edwald 2017: 9-10

12 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021: 5

13 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2022: 5

14 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir 2023: 5


15 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir 2024: 5

3. Vettvangsrannsókn

Uppgriftarsvæðið er staðsett suðaustan við Búðarstíg 19 á Eyrarbakka, 30 m norðan við sjávarsíðuna. Eftir að verslunarhúsin voru rifin árið 1950 var lagður malarvegur yfir hólinn með tilheyrandi raski. Síðar var sett stytta á miðjan hólinn, fánastöng og hellulögð stétt undir líkan af síðasta skeiði verslunarhúsanna.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgriftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹⁶ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlaga (t.d. jarðlag, holu, gröf eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, mæld upp með




Mynd 4. Single context og Harris Matrix (<https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2>)

TopCon alstöð (skv. hnitakerfi ISN93), ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp á Vesturbúðarhól. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgriftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn.¹⁷ Úrvinnsla gagna fór fram í Qgis, microsoft excel og Microsoft Word.

¹⁶ Lucas, Gavin 2003

¹⁷ harrismatrixcomposer.com




Mynd 5. Yfirlitsmynd af uppgrafs svæðinu með einingum. Allar mannvistarleifar sem voru grafnar fram árið 2024 sjást á myndinni. Undirstöðuveggir [533] eru sýndir með hvítum steinum.

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingannúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Uppgröftur

Markmið uppgrافتarins 2024 var að klára að rannsaka undirstöðuveggi Fönix [533] sem og allar hleðslur og viðbætur meðfram þeim. Veggirnir voru afhjúpaðir árið 2021 og flestar hleðslur/viðbætur árið 2022. Ákveðið var í samráði við Minjastofnun Íslands að stærstu steinunum yrði safnað saman og þeir varðveittir með það fyrir augum að hægt verði að nýta grjótið með einhverjum hætti við endurbyggingu húsanna.



Mynd 6. Yfirborðslögin sem grafin voru árið 2024.

Yfirborðslög




Mynd 7. Jarðlag [616] + [637] ásamt grjótpúkki [608].

Utan við undirstöðuveggi [533] voru nokkur jarðlög fjarlægð (sjá mynd 6). Jarðlagahópur [G638] samanstendur af jarðlögum [500], [550], [616] og [637]. Í öllum tilvikum var um sendin yfirborðslög austan við vegg [529] og innan portsins að ræða. Jarðlög [616] og [637] eru að öllum líkindum eitt og sama jarðlagið. Um sama jarðlag og [500] = [550] er að ræða, þau voru grafin upp 2021 og 2022.

Yfirborðslög [601] og [602] eru meðfram utanverðum vesturvegg [528] og öllum suðvegg [530]. Um blandaðan sand er að ræða í báðum tilvikum. Í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins er blandaður sandur [607] með timburleifum efst, sunnan við lag [602]. Þetta er áfok, blanda af gráum sandi og skeljasandi.



Mynd 8. Yfirborðslag [602] og bleðsla [405] er með hvíttri múrhuð.



Mynd 9. Jarðlag [607].



Mynd 10. Grjótpúkk [612].

Grjótpúkk [608] er austan við vegg [529] og sunnan við stétt [640]. Efst í jarðlaginu var fjöl úr klæðningu hússins, (59x2 cm) með járnnacla fyrir miðju annars enda. Grjótpúkk [612] er syðst innan uppgraftarsvæðisins, utan við húsið og viðbót [603]. Bæði grjótlögin eru líklega tilkomin eftir að húsið var rífið.

Undirstöðuveggir [533]: eldra byggingarstig

Undirstöðuveggir Fönix [G533] voru skráðir og fjarlægðir að hluta og markmið rannsóknarinnar náðist því ekki að fullu í þetta sinn. Allir veggirnir voru keimlíkir á að líta. Þeir voru grjóthlaðnir, yfirleitt einföld röð og það má sjá 2-3 umför af stóru grjóti í þeim (sjá mynd 12). Steinarnir voru allt að 50 cm að stærð. Grjótið var ekki tilhoggið né límt saman og vekur það furðu hversu umfangslitlir þeir voru eftir að allar hleðslur/viðbætur hafa verið fjarlægðar. Breidd veggjanna var 0,6 – 0,8 m og ljóst að þeir hafa borðið mikinn þunga og skýrir það e.t.v. allar hleðslurnar utan og innan við þá en fjallað er um þær seinna í skýrslunni. Tvö umför voru fjarlægð ofan af veggjum [528], [529] og [530] og nýir steinar sem komu í ljós mældir upp. Eitt umfar var fjarlægð úr vegg [531].

Í suðvesturhorni, þar sem veggir [528] og [530] mættust voru fyllingar [605] og [606] inni veggnum. Þetta var blandaður sandur, líklega áfok.



Mynd 12. Skurðir [617 og 618] eru utan við vegg [528].

S a m b æ r i l e g fylling, ef slíka skyldi kalla, var inni í flestum veggjum Fönix, þ.e. grábrúnn

sandur blandaður skeljasandi. Þó er ljóst að veggjafyllingar eru markvissar í Fönix, áfok hefur víða haft áhrif og sandurinn smígur inn á milli allra steina.

Skurðir [617] = [618] komu í ljós austan við vegg [528] en voru ekki grafnir upp. Að öllum líkindum er um sama niðurgroft og skurð [409] að ræða en hann var gaffinn að hluta árið 2019.¹⁸ Veggur [528] er hlaðinn austast í þessum skurði og sendin fylling þar utan við en það mun skýrast betur þegar rannsóknum vindur áfram.




Mynd 11. Jarðlag [605].

Könnunarskurðir [609] og [622]

Til að fá hugmynd um umfang þeirra veggja sem enn eru undir sverði voru gerðir tveir könnunarskurðir þvert yfir langhliðar hússins. Sá eystri, könnunarskurður [622], var grafinn í gegnum vegg [529], í beinu framhaldi til austurs frá könnunarskurði [532] sem tekin var þvert í gegnum innanvert Fönix árið 2021. Niðurstöðurnar komu á óvart, einungis eitt umfar af grjóti er eftir í veggnum og engin mannvirki sýnileg þar undir, einungis hreyfður sandur [600] og neðst er hreyft sandlag [625] sem sást einnig árið 2021.¹⁹ Þetta vekur nokkra furðu, verslunarhúsin

¹⁸ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 17


¹⁹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 18. Jarðlag 010 á sniðteikningu sem þar er birt.



Mynd 13. Teikning af norðursniði könnunarskurðs [609].

voru austan við Fönix og portið á milli húsanna. Gera má ráð fyrir að mikil umsvif hafi verið í portinu og m.a. vitað að járnbrautarteinar lágu austan við vegg [529].

Vestari könnunarskurðurinn, [609] var grafinn í gegnum vegg [528], um 1,5 m sunnan við könnunarskurð [532]. Enn mátti sjá 2-3 umför af stórum steinum í veggnum, allt að 50 cm að stærð. Steinarnir sitja í skurði [618] til vesturs og sandur er þar ofan í. Undir veggnum var



Mynd 14. Teikning af suðursniði könnunarskurðs [622].

grýtt, blandað sandlag. Þar undir var hreyft sandlag, að mestu áfok með stöku kolum.

Viðbætur [636] og [642]: yngri byggingarstig

Jarðlagahópur [636] samanstendur af yngri viðbótum utan við undirstöðuveggina (sjá mynd 22).

Hleðsla [405] lá meðfram allri vesturhlið [528] en hluti hennar var fjarlægður í uppgreftri árið 2019.²⁰ Um er að ræða einfalda röð af stóru og ótilhoggnu grjóti en 1-2 umför stóðu enn, allt eftir stærð grjótsins. Hleðslan lá beint ofan á yfirborði [001] og var ekki niðurgrafin. Torf var hér og þar undir steinunum og yfirborðið jafnað með þeim hætti. Hvít múrhúðun var á utanverðri hleðslunni en var þó nánast horfin í miðjunni, sást aðeins á stöku steinum í litlum flekkjum. Hér



Mynd 15. Hleðsla [405] til hægri, fylling [408] og veggur [528] til vinstri.

er um seinni tíma viðbót eða styrkingu við vegg [528] að ræða enda mikið áfok á þessu svæði. Sendin fylling [408] var ofan í rými sem skapaðist á milli veggjar [528] og hleðslu [405]. Hún var grafin að hluta árið 2019²¹ og fjarlægð að fullu árið 2024. Fylling sást vestan við allan vegginn og varð grýttari og óljósari eftir því sem sunnar dró.

Sunnan við vegg [530] voru tvær hleðslur grafnar upp, báðar eru þær líklega til gerðar til þess að styrkja vegginn enda var ágangur sjávar og áfok einna mest hér við húsið. Hleðsla [603] var sunnar. Hún var mæld sem hluti af vegg [530] árið 2021 en hér er þeirri túlkun breytt.²² Um var ræða einfalda röð af grjóti, eitt umfar sem hlaðin var beint ofan á fjörusand. Hleðsla [611] var fast norðan við hleðslu [603] og var einnig mæld upp árið 2021 sem hluti af vegg [530] en þeirri túlkun er nú breytt.²³ Hún var umfangsmeiri en hleðsla [603] og greinilegt að betur var vandað til verka og hún að öllum líkindum eldri viðbót. Ytri brún steinanna var bein en er þó ekki



Mynd 16. Hleðsla [603] er yst á myndinni. Utan við hana er yfirborð [601].



Mynd 17. Hleðsla [611] eftir að [603] var fjarlægð.

20 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021: 15

21 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021: 15

22 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 15

23 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 15



Mynd 18. Grjóthleðsla [610].



Mynd 19. Viðbót [624].

tilhoggin. Á austurenda hleðslunnar var steyppt undirstaða [520] en fjallað er um hana seinna í kaflanum. Við suðvesturhorn hússins, í framhaldi af hleðslu [611] til vesturs og hleðslu [405] til suðurs kom í ljós grjóthleðsla [610]. Grjótið var sett í hring, þvermálið 36x40 cm og hæðin um 5-12 cm. Ekki er ólíklegt að einhvers konar stoð hafi verið hér sem tilheyrði sjálfu húsinu.

Jarðlagahópur [642] samanstendur af yngri viðbótum innan við undirstöðuveggina (sjá mynd 22). Hleðsla [624] var meðfram innanverðum austurvegg [529] og var mæld upp árið 2021, þá talin hluti af veggnum [sjá mynd 19].²⁴ Hér er þeirri túlkun breytt og ljóst að um seinni tíma viðbót, einhvers konar styrkingu er að ræða. Hluti hleðslunnar var fjarlægður þegar könnunarskurður [532] var gerður árið 2021 þvert í gegnum Fönix. Hleðslan var einföld og gerð úr fremur smáu grjóti. Niðurgröftur [535] var meðfram hluta hleðslunnar og grafinn upp árið 2021. Hann ber einhverjum viðgerðum vitni þó ekki sjáist bein ummerki um það í hleðslunni. Hleðsla [623] var við innanverðan suðurvegg [530] og mæld upp sem hluti hans árið 2021.²⁵ Þeirri túlkun er hér með breytt og um seinni tíma styrkingu að ræða. Ástand og gerð hennar var eins og í hleðslu [624], þ.e. einföld steinaröð

úr fremur smáu grjóti.

Árið 2022 voru steinar mældir upp og efstu tvö umförin fjarlægð úr hleðslu [540] sem er meðfram innanverðum vesturvegg [528] og sem fyrr er um seinni tíma viðbót að ræða. Að



Mynd 20. Viðbót [623].




Mynd 21. Viðbót [540].

24 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 15

25 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021: 15


norðan var allt grjótið tekið úr hleðslunni.²⁶ Árið 2024 var þetta verk klárað og öll hleðslan fjarlægð. Sem fyrr var þetta einföld grjóthleðsla en þegar horft var á framhliðina mátti greina óljósar breytingar/viðgerðir á gerð hennar. Hleðsla [557] var fjarlægð árið 2022 í norðvesturhorni Fönix, þá túlkuð undir þessari hleðslu. Þar var um aðra viðgerð eða styrkingu að ræða.



Mynd 22. Allar viðbætur [636] og [642] eru gráar, undirstöðuveggir [533] hvítir, fjilling [408] dökkbleik og skurðir [617–618] fjólubláir. Við austurvegg eru enn fremur þrjár stéttar. Viðbætur við norðurvegg hafa ekki verið fjarlægðar og bíða frekari rannsóknna.

Jarðlög og mannvirki tengd notkun Fönix

Samkvæmt teikningu frá árinu 1912 og sýnir grunnflöt Vesturbúðarinnar, voru þrjár dyr á austurhlið Fönix. Hlaðin stétt var framan við hverja hurð og voru þær allar mældar upp árið 2021, þá sem hluti af vegg [529] (sjá mynd 22). Niðurstöður rannsóknarinnar sumarið 2024 gáfu tilefni til að endurtúlka þessi mannvirki, og hverri stétt gefin einingarnúmer til aðgreiningar. Stétt [641] var syðst en var fjarlægð árið 2023. Hún samanstóð af þremur stórum steinum sem voru flatir að ofan, alls 1,6x0,4 m. Undir stéttinni var blandaður sandur sem enn er ógráfin. Stétt [639] var fyrir miðju hússins og fjarlægð þegar efsti hluti veggja var tekin. Þrír flatir steinar voru í stéttinni sem var álíka stétt [640]. Undir henni var skurður [614] og fylling [613]. Skurðurinn var 1,3x0,7 m að stór og 0,2 m djúpur. Fyllingin var pakkaður sandur; blanda af fjörusandi, gráum sandi, smáum fjörusteinum og kolum. Nyrst er stétt [640] en hún er enn ógráfin. Hún er svipuð hinum stéttunum að gerð og er 1,6x0,7 m stór.



Mynd 23. Stétt [641] er fyrir miðri mynd, neðan við grasið.



Mynd 24. Stétt [639], fylling [613] og skurður [614].



Mynd 25. Jarðlag [619].



Mynd 26. Steypa [520].

Við austurenda hleðslu [611] er steypst undirstaða [520] við suðausturhorn undirstöðuveggjanna. Steypa var sett ofan á stóran stein og leifar af timburstöð voru ofan í henni. Mögulega voru þetta ummerki um talíu, siglingamerki eða fánastöng. Steypan var um 70 cm í þvermál og timburstöðin 20 cm í þvermál.

Við norðvesturhorn veggja [528] og [531], næst kolageymslunni, er grjótdreif [619]. Grjótið er undir hleðslu [405] og fyllingu [408] en tilgangur þess er óviss. Mjög mikið af


múrsteinum voru í þessu lagi, einkum þó neðarlega. Töluvert af múrsteinunum voru nánast heilir þegar þeim var komið þarna fyrir en molnuðu með tímanum. Lítið af öðrum gripum er í þessu lagi.

Undir austurhelmingi hleðslu [603] var steinapúkk [615] og náði það að hleðslu [611] til norðurs. Púkkið liggur áfram til suðurs og sést vel í sniði uppgraftarmarkanna. Þetta steinapúkk er manngert og sandur settur yfir það til að slétta það. Neðarlega í púkkinu var brennt lag með krítarpípum og fleiri gripum. Líklega er um einhvers konar yfirborð að ræða. Sandlag [620] er undir steinapúkki [615] en er ógrafið. Hið sama er að segja um niðurgröft [621] hann er upp við suðurvegg [530] en er ógráfinn.

Jarðlag [546] var afhjúpað árið 2022 og þakti allt uppgraftarsvæðið innan undirstöðuveggjanna, sunnan við könnunarskurð [532]. Um sama jarðlag [546]+[600] er að ræða. Uppgrefti jarðlags [546]+[600] var áframhaldið árið 2024 en ljóst var að hluti þess hafði fokið burtu auk þess sem torf hafði náð að róta sig vel. Um blandað sandlag er að ræða.

Eldri mannvirki og jarðlög

Í vestursniði könnunarskurðar [609], undir húsinu, kom útveggur eldri byggingar í ljós undan sandinum sem þornaði hratt og fauk til. Í þeim vegg eru eins steinar og sjást í undirstöðum [533]. Þessi eldri veggur er um 1 m austur og 0,3-0,5 m dýpra en veggur [528]. Ekki vannst tími til að dýpka skurðinn í þetta sinn en loks er staðfest með fullri vissu að eldra hús er að finna undir Fönix en stærð þess er ekki þekkt.




Mynd 27. Eldri veggurinn.

Innan norðurhluta uppgraftarsvæðisins, undir Fönix, kom mannvirki [G631] í ljós en ekki náðist að fullgrafa það (sá mynd 29). Mannvirkið er fremur illa varðveitt að því virðist og var líklega raskað þegar Fönix var reist en það kemur betur í ljós eftir því sem rannsókninni vindur áfram. Stétt [604] er nyrst og var afhjúpuð árið 2022. Hún var ekki fjarlægð og samanstendur af þremur, fremur flötum steinum og er 1,5x0,5 m stór. Hluti af grjóthlöðnum vegg [626] er sunnan við stéttina, undir sandlagi [625]. Steinarnir voru ekki fjarlægðir. Tveir steinar voru mældir upp og taldir tilheyrast austurhlið þessa mannvirkis, ekki er útilokað að um stoðarsteina sé að ræða. Kolablandað



Mynd 28. Stétt [604] og veggur [626].



Mynd 29. Jarðlagahópur [631] er undir norðurhluta Fönix.


sandlag [627] var sunnan við vegg [626], undir sandlagi [625] og í því voru nokkrir gripir, m.a. dýrabein og tinna. Þetta jarðlag var ofan í gryfju [629] sem er L-laga og snýr norður-suður. Hún er breiðust til norðurs og er um 7-10 cm djúp með ávalar brúnir bæði að ofan og neðan, botninn er þó flatur. Mögulegt gólfslag [628] liggur upp að vegg [626] til suðurs og afmarkar innanmál mannvirkisins. Það er 2,5x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Þetta er sendið, þétt og mjög blandað moldarlag sem virðist traðkað. Niðurgroftur [632] er undir gólfslagu og er um 0,8 m í þvermál. Hann er frekar óreglulegur, hlutar eru svo til kringlóttir meðan aðrir eru svo til ferkantaðir. Hliðarnar eru frekar skarpar og beinar, lítill halli frá þeim. Botninn er flatur. Holan er á sumum stöðum fóðruð með múrsteinum. Mjög blandað lag liggur að holubarminum en það er ógrafið. Jarðlag [633] var efst í holunni, þetta var brúngrátt, sendið jarðlag með brenndum beinum. Sendið, þétt og stökkt jarðlag [634] var neðar. Það var grátt á litinn með litlum ögnum af brenndum beinum. Neðst í holunni var sandlag [635], sennilega partur af fyllingu en þó ekki alveg öruggt. Rauðleitur blær var á laginu.



Mynd 30. Jarðlag [627].



Mynd 31. Meint gólfslag [628].



Mynd 32. Sníðteikning [631].



Mynd 33. Skurður [629] og hola [632].


Samtals voru tekin fjögur jarðvegssýni árið 2024, úr jarðlögum [628], [632], [633] og [634]. Sýnin voru tekin úr meintu gólfi og fyllingu í holu sem var undir því. Hvert sýni var um 0,4 l. Ennfremur voru tekin örformgerðarsýni suðvestarlega innan uppgriftarsvæðis 2023, úr ógröfnum sandlögum í norðursniði í skurði [583]. Tilgangurinn er að greina lagskiptingu í sandinum sem fíkur til og frá. Þar var mikið athafnasvæði, m.a. lá járnbaut þar niður að Vesturbúðarbryggju. Sýnin voru send utan til vinnslu og verða greind um leið og þau berast aftur árið 2026.

Blandað sandlag [625] er norðan við könnunarskurð [532], innan Fönix, og er ógrafið að mestu. Torf hafði náð að róta sig vel í þessu lagi og raska því auk þess sem mikill vindur blés því burtu að hluta. Þetta lag fer undir vegg [529] og virðist hann reistur á því að hluta. Blandað torflag [630] er undir þessu lagi og fer einnig undir sama vegg. Það er einnig ógrafið. Inni í húsinu lá jarðlagið yfir vegg [636] auk mannvirkis [631].

Gripir

Mikill fjöldi gripa hefur fundist við rannsóknir á Vesturbúðarhól síðustu ár og hefur heildarfjöldi skráðra funda nú náð yfir 15.000. Þar af voru skráðir 5.198 fundir undir 981 númeri við rannsóknina árið 2024. Þar af voru 4673 gripir á uppgriftarsvæði ársins 2024, í og við húsið Fönix og sambyggða kolageymslu. Þann 3. júní var mjög vindasamt á svæðinu og komu þá upp á yfirborðið töluverður fjöldi gripa. Allt uppgriftarsvæðið var hreinsað daginn eftir storminn, bæði þar sem unnið var 2024 og það sem afhjúpað var 2023. Þá voru skráðir 506 gripir á svæðinu sem opnað var 2023, þar sem Gamla/Nýja Krumbúðin stóð. Að auki voru skráðir 19 lausafundir. Umfjöllum um gripina hér á eftir verður skipt í þrennt, og verður í fyrsta lagi fjallað um gripi sem fundust á svæðinu við Fönix, í öðru lagi þá sem fundust á svæðinu við Krumbúðina og í þriðja lagi um lausafundi. Yfirlit um skiptingu gripa eftir svæðum og efnisflokkum má sjá í grafi 1.

Varðveisla gripanna er nokkuð mismunandi. Glergripir eru almennt vel ágætlega



Graf 1. Yfirlit um skiptingu gripa eftir efnisflokkum og svæðum.

varðveittir en elstu glergripirnir hafa margir nokkuð veðrað yfirborð. Leirgripir eru sömuleiðis í góðu ásigkomulagi, en múrsteinar þó margir mjög auðmuldir. Málmgripir eru flestir mjög tærðir og er járn einkum hulið þykkum ryðhjúp, enda er uppgraftarsvæðið nærri fjöru og selta og raki því mikill. Varðveisla beina er ágæt. Nokkrir viðargripir fundust árið 2024 en flestir þeirra eru illa farnir. Heilt yfir er gripasafnið 2024 svipað þeim gripum sem fundist hafa við rannsóknina fyrri ár, bæði þegar litið er til gerð gripanna og til þess tímabils sem þeir spanna. Gripirnir sem fundust árið 2024 auka þó enn við fyrirbyggjandi vitneskju um á þá starfsemi sem fór fram í Vesturbúðinni og þann varning sem þar stóð til boða.

Fönix

Málmur

Járn

Málmgripir sem fundust við rannsóknina voru langflestir úr járn og voru skráðir 890 slíkir gripir. Rétt rúmum helmingur járngrípanna, 479 talsins eru líklega naglar eða boltar. Ekki er þó í öllum tilvikum fullvíst að um nagla sé að ræða en af þeim gripum sem flokkaðir voru sem naglar eða boltar var u.þ.b. helmingur með haus, og er greining þeirra öruggari.

Einn gripur, <2024-21-1454>, er mögulega nagli eða tangi af hníf eða verkfæri og eru

leifar af kopar á öðrum enda, sem gæti hafa verið partur af hólk eða öðrum hluta skaftsins.

Meðal annara járngripa sem fundust voru stór keðja <2024-21-1790>, en einnig fundust festingar, girðingarlykkjur, rær, mögulegur öngull og 94 brot af þynnum sem líklega hafa öll tilheyrt sama grip, líklega dós eða annars konar íláti.

Vegna ástands gripanna voru 271 járngripur sem ekki var hægt að flokka til tegundar. Að auki voru 30 gripir sem aðeins var hægt að flokka sem þynnur og eitt brot úr steypujárni sem ekki var hægt að greina frekar.

Koparblanda

Gripir úr koparblöndu voru alls 26 talsins. Þeir voru af fjölbreyttu tagi en um helming þeirra, 12 eða mögulega 13 gripir, má þó tengja klæðnaði eða saumaskap.

Lítill kúpt skel úr koparblöndu, <2024-21-2162> fannst innan í Fönix. Að öllum líkindum er um að ræða brot af hnappi en 16 samskonar hnappar fundust við hreinsun í Krambúðinni. Einnig fundust tvær tölur, <2024-21-2154> og <2024-21-2160>, á svæðinu. Þær voru báðar af sömu gerð, með framhlið úr koparblöndu, en bakhlið líklega úr tré.

Fimm gripir töldust til klæðafestinga. Festingarnar voru allar af sömu gerð, gerðar úr vír, en þar af var einn krókur en restin lykkjur. Festingarnar hafa verið á meðal varningsins sem til sölu var í Vesturbúðinni og má á einum gripnum sjá hvernig þær voru geymdar, en undir gripanúmerinu <2024-21-2161> eru skráðar þrjár lykkjur fastar saman, þræddar upp á járnvír. Sambærilegar klæðafestingar hafa meðal annars fundist í Skálholti, en líklegt er að margir þeir gripir sem þar fundust hafi farið í gegnum verslunina í Vesturbúð. Vírfestingarnar voru þar algengastar á seinni hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar, en voru svo til horfnar þegar komið var fram á þriðja fjórðung 19. aldar.²⁷

Þorn <2024-21-2164> úr lítilli sylgju fannst sunnan við Fönix. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hlutverk



Mynd 34. Klæðafestingar <2024-21-2161>



Mynd 35. Fingurbjörg <2024-21-2153>

²⁷ Lucas & Mjöll Snæsdóttir 2024, 262.

hennar. Hún gæti verið af klæðnaði, s.s. hanska eða mjóu belti, en gæti einnig verið af reiðtygjum eða ól á tösku.

Að auki fundust fingurbjörg <2024-21-2153> og tituprjónn <2024-21-2151>, en prjónninn getur annað hvort hafa verið ætlaður til saumaskapar eða til að festa klæðnað.



Mynd 36. Mynt <2024-21-2155>



Mynd 37. Disklaga skraut <2024-21-2159>

Meðal annarra gripa voru þrjár myntir. Tvær þeirra voru frá 20. öld, og voru þær báðar íslenskar, annars vegar 5 aurar frá 1942 <2024-21-2112> en hins vegar 1 króna frá 1946 <2024-21-1399>. Sú þriðja <2024-21-2155>, er töluvert eldri. Myntin er mjög tærð en óljóst markar þó fyrir áletrunum. Um er að ræða 1 danskan skilding með merki Christians VII. Danakonungs, og má mögulega greina ártalið 1779.

Nyrst í Fönix fannst diskлага skraut <2024-21-2159>. Diskurinn er mjög tærður en þó má óljóst greina á honum tvær mannsmyndir og mögulega borð og fugl á milli þeirra. Engar festingar eru á disknum og hefur hann líklega verið festur í umgjörð en hlutverk hans er að öðru leyti óþekkt og hefur ekki enn tekist að bera kennsl á mótífið.

Aðrir gripir úr koparblöndu voru vír <2024-21-1620>, samanbrotin þynna <2024-21-1561> og þrjú ógreinanleg brot.

Aðrir málmar

Einn gripur úr hvítum málmi fannst á svæðinu við Fönix. Það er afskorningur af þynnu <2024-21-1214>, líklega úr blýi.

Leir

Leirker

Leirkersbrot voru alls 159 talsins. Þarf af voru flest úr rauðleir eða 101 brot, sjö brot úr steinleir,

fimm úr postulíni og þrjú úr tingleirjuðum jarðleir (e. *faience*). Brot úr verksmiðjuframleiddum jarðleir voru 42 talsins, þar af 30 sem flokkuðust sem *whiteware*, en 10 líklega sem *creamware* og tvö mögulega *pearlware*. Meðal brotanna eru bæði eldunarílát og borðbúnaður úr rauðleir, diskar eða fót úr tingleirjuðum jarðleir, postulínsundirskálar, geymslukrukka úr steinleir <2024-21-1223>, líklega frá Neðra-Saxlandi og steinleirsflaska <2024-21-1938> frá Frechen í Þýskalandi. Safninu svipar til fyrri ára rannsóknarinnar og eru brotin mörg frá seinni hluta 18. aldar fram á fyrri hluta 19. aldar, en þó er hluti sem nær fram á 20. öld.

Krítarpípur

Alls fundust 214 brot af krítarpípum. Þar af voru 12 brot af haus en 202 leggjabrot. Þeir hausar sem hægt er að tímasetja eru allir frá seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta 19. aldar. Pípurarnar eru bæði hollenskar og danskar en meðal leggjabrota er eitt merkt „GOUDA“, skráð undir <2024-21-1537>, og eitt hausbrot, skráð undir <2024-21-1268>, ber skjaldarmerki Goudaborgar í Hollandi. Einnig fundust þrjú brot úr verksmiðju af Ross og Ferslew í Christianshavn, Danmörku, sem starfrækt var 1758-64.

Byggingarefni

Skráð voru 1590 múrsteinsbrot við rannsóknina 2024. Múrsteinsbrotin voru flest ljósrauð-dröfnótt, en einnig fundust gul og rauð brot. Alls vógu múrsteinarnir um 26,7 kg. Eftir skráningu var flestum múrsteinunum fargað, en valin brot tekin sem sýni. Einnig fundust 47 brot af þakflisum úr rauðleir.

Annað

Eitt brot af hári postulínsdúkku eða -styttu, skráð undir <2024-21-2085>, fannst við rannsóknina. Að auki fundust tvö brot af postulínseinangrunum frá 20. öld, önnur <2024-21-1374> merkt „GEC“, General Electric Company í Bretlandi (um 1920-1999).

Gler

Ílát

Glerbrot úr ílátum voru 366 talsins. Þau brot sem hægt var að greina til tegundar voru flest flöskur, þar á meðal vínflöskur frá seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta 19. aldar og bláar, fjólubláar og glærar *optic-moulded* flöskur (s.s. <2024-21-1534>). Einnig fundust brot úr drykkjarbikar <2024-21-1513> og krukum, < 2024-



Mynd 38. Flaska <2024-21-1534>

21-1488> og <2024-21-1492>. Inn á milli eru þó einnig yngri gripir, þar á meðal bjórflaska frá miðri 20. öld <2024-21-1958>.

Rúðugler

Alls voru skráð 478 brot af rúðugleri í og við Fönix. Rúmir tveir þriðju hlutar brotanna voru fölgræn og mikið veðruð, en tæpur þriðjungur af yngra glæru gleri, þar af a.m.k. 29 brot líklega frá 20. öld.

Annað

Fjögur brot voru skráð sem líklega eru úr lömpum, þar af eitt brot af hvítum lampaskermi <2024-21-1688>, en hin þrjú voru öll glær.

Lífræn efni

Bein



Einn gripur úr beini fannst við rannsóknina. Þar er brot af haus á burstu <2024-21-2095>, að öllum líkindum tannbursti. Tannburstar úr beini voru notaðir fram á fyrri hluta 20. aldar en útlit burstans, fjöldi gata og uppröðun þeirra, bendir til þess að hann sé frá seinni hluta 18. aldar til miðrar 19. aldar, og mögulega frekar frá fyrrihluta þess tímabils.²⁸

Mynd 39. Tannbursti <2024-21-2095>

Önnur dýrabein voru 451 talsins og um 2457 g. Beininn hafa ekki verið greind til tegunda en um er

að ræða bæði spendýra-, fisk- og fuglabein. Tæpur fimmtungur beinanna eru brennd. Þau eru líkast til að mestu matarleifar eða úrgangur úr sláturhúsi sem starfrækt var vestan við Fönix. Skurðarför eru greinileg á einu beini (skráð undir <2024-21-1666>), mögulegur skurðflötur á einu öðru (skráð undir <2024-21-1961>) og göt er á tveimur leggjum sem bendir til þess að þeir hafi verið mergsognir (skráðir undir <2024-21-1666> og <2024-21-1985>).

Viður

Skráðir voru 20 viðargripir á uppgraftarsvæðinu. Flestir þeirra eru illa farnir en þó fannst ein heil fjöl <2024-21-2127>, að hluta föst í austurvegg Fönix. Fjölin er 145 cm á lengd og hefur líklega

28

Sbr. Cubitt 2019

verið hluti af panel. Með fjölinni fannst viðarkvistur <2024-21-2126> en ekki er hægt að sjá að hann passi við fjölin. Ekki er hægt að segja til um hlutverk annarra viðargripa, en á sex öðrum gripum sjást líklega unnar hliðar og á tveimur eru leifar af hvítri málningu.

Textill

Í vesturvegg Fönix fundust um 1,2 m af sveru reipi <2024-21-1219>, mögulega úr plöntutrefjum.

Steinn og steinefni

Í og við Fönix fundust 74 gripir sem flokkuðust sem steinn eða steinefni. Þar á meðal voru tveir gripir úr ummynduðu móbergi. Annar gripurinn er sakka <2024-21-1179> en við hreinsun í Krambúð fannst tappalaga gripur <2024-21-2005> úr sama efni sem passar u.þ.b. í gat sökkunar og bendir það til að sakkan og fleiri slíkir gripir hafi verið framleidd á staðnum. Efniviðurinn var mögulega fundinn í fjörunni neðan við Vesturbúðina eða aðfluttur. Hinn móbergsgripurinn sem fannst í Fönix er lítið brot <2024-21-1300>, líklega afkast.

Sjö gripir úr skífubergi (e. *slate*) fundust í og við Fönix. Flestir þeirra eru flögur, mögulega brot af þakskífum eða skrifbrettum, en eitt brot af mikið notuðum griffli <2024-21-1389> fannst austan við bygginguna.

Sex gripir úr flögubergi (e. *schist*) fundust við rannsóknina, allt brýnisefni, en engin ummerki sáust um notkun.

Stærsti flokkur steingripa voru flintur, 27 talsins. Af flintunum voru sex líklega eldsláttusteinar, ein mögulega eldsláttusteinn eða byssuflinta en hinar líklega afsláttur eða afkast. Að auki fannst ein hrafninn <2024-21-1502> og einn kvarssteinn <2024-21-1924> sem einnig voru mögulega eldsláttusteinar. Ein þunn flaga af jaspis <2024-21-1501> fannst í austurvegg Fönix, líklega afsláttur.

Skráðir voru fjórir vikurmolar. Tveir þeirra báru merki um að hafa verið notaðir til að hreinsa eða pússa og hafa hinir tveir líklega verið ætlaðir til sömu notkunar.

Þrjú brot fundust af innfluttum leirsteini, en samskonar steingripir fundust einnig við rannsóknina 2023 og eru þeir líklega brot úr hellum eða annars konar byggingarefni. Aðrir gripir sem flokkuðust til byggingarefna voru tólf talsins, og voru það molar af steinlími og kalksteypu.

Af öðrum gripum var einn moli af eldsneytishroða <2024-21-1427> og einn járnríkur



Mynd 40 Sakka <2024-21-1179> og tappi <2024-21-2005>

steinn <2024-21-1727>, mögulega basalt eða gjall. Einnig voru skráðir fjórir gripir úr sandsteini og fjórir úr kvarssandsteini, náttúrlegir steinar, sem allir hafa mögulega slæðst til landsins með erlendu hráefni.

Kol

Skráðir voru 319 kolamolar á svæðinu. Þar af voru 271 brot af steinkolum en 48 viðarkol. Steinkolin voru flestöll lítil, það stærsta þó rúmir 6 cm á lengd. Alls vógu kolin um 1,3 kg.

Gerviefni og önnur efni

Plast

Sjö gripir úr plasti fundust við rannsóknina. Þar á meðal var grænt brot <2024-21-1683> merkt vörumerkinu THERMOS, líklega hluti af hitabrúsa, einn bútur af appelsínugulu netagarni <2024-21-1392> og rauð einangrun af rafmagnsvír <2024-21-1392>. Önnur plastbrot var ekki hægt að greina til tegundar, en eitt mátti þó greina sem bakelít <2024-21-1412>.

Önnur efni

Sjö brot af línóleumdúk fundust austan við Fönix < 2024-21-1372>. Tveir pappabútar fundust á svæðinu, annar dökkur, með leifum af grænni málningu <2024-21-1597>, en hinn ljós <2024-21-2082>. Einnig fannst brot af tjörupappa <2024-21-1950> í fyllingu suðurveggjar Fönix og sjö molar af tjörublönduðum jarðvegi <2024-21-1970> ofan á veggnum í suðvesturhorni. Einnig fannst fundust þrír molar af óþekktu efni <2024-21-1766>, mögulega málningu eða einhverju efni sem lent hefur í hita.

Krambúð - Hreinsun

Málmur

Járn

Við hreinsun í og við Krambúðina fundust 107 gripir úr járn. Þar af voru 57 naglar, en líkt og í tilfelli naglanna sem fundust við Fönix er greining þeirra ekki í öllum tilvikum örugg sökum ástands gripanna. Þó voru 34 naglanna með haus og er greining þeirra því öruggari. Sex brot fundust af járnþynnum sem ekki var hægt að greina frekar, auk 43 annarra ógreinilegra brota.

Undir númeri <2024-21-2013> er einnig gripur sem að öllum líkindum er lítill lykill en

aðeins er varðveitt lykilaugað og hluti af legg.

Aðrir málmar

Sunnarlega svæðinu fundust 16 litlir hnappar, allir af sömu gerð, með kúpta skel úr koparblöndu yfir kjarna úr hvítum málmi.

Leir



Mynd 41. Lykill <2024-21-2013>

Ílát og annar borðbúnaður

Þrettán gripir úr leir sem flokka má sem ílát eða borðbúnað fundust við hreinsun. Þar af var eitt postulínsbrot úr tesetti með blómamunstri í kínverskum stíl <2024-21-2006>, mögulega með merki Meissen í þýskalandi frá 1774-1814. Hin brotin voru flest úr verksmiðjuunnum jarðleir, fjögur sem flokkuðust sem *white ware* en fimm sem *cream ware*, en einnig voru þrjú brot af rauðleir.



Mynd 42. Postulín <2024-21-2006>

Krítarpípur

Átta krítarpípubrot fundust í og við Krambúðina, allt óskreyttir leggir.

Byggingarefni

Þrjú rauð múrsteinsbrot <2024-21-2011> fundust við hreinsun, um 56 g.

Gler

Ílát

Skráð voru 65 brot úr ílátum við hreinsunina. Þau brot sem hægt var að greina nánar voru allt flöskur, þar af eitt brot af vínflöskustút, skráð undir <2024-21-2068>, með örmjóum kraga.

Rúðugler

Alls voru skráð 283 brot af rúðugleri við hreinsun í og við Krambúðina. Rúmur þriðjungur

brotanna var fölgrænn og mikið veðraður, en hin brotin voru af yngra glæru gleri, þar af a.m.k. 3 brot líklega frá 20. öld. Yngri glerbrotin voru þó mörg mjög lítil og ef litið er til þyngdar snúast hlutföllin u.þ.b. við, með um 262 g af grænu gleri á móti 135 g af glæru.

Lífræn efni

Bein

Tvö bein og ein tönn úr spendýrum fundust við hreinsun Krambúðarinnar, alls um 18 g.

Steinn og steinefni

Tveir steingripir og ein flaga af steinlími <2024-21-2052> fundust á svæðinu við Krambúðina. Steingripirnir voru annars vegar lítil flaga af skífubergi <2024-21-2054> en hins vegar móbergstappi <2024-21-2005>, framleiðsluafkast úr samskonar efni og sakka <2024-21-1179>. Greinileg för eru á gripnum eftir meitil.

Kol

Tveir molar af steinkolum fundust við hreinsun, samtals um 17 g.

Lausafundir

Málmur

Járn

Þrír gripir úr járni töldust til lausafunda, annars vegar hugsanlegur nagli og hins vegar tvö brot af þynnu < 2024-21-2125>.

Leir

Krítarpípur

Sjö brot af krítarpípum <2024-21-2119> voru lausfundin, sex leggja brot og eitt brot af haus frá 18.-19. öld.

Gler

Rúðugler

Þrjú brot af rúðugleri <2024-21-2121> voru skráð sem lausafundir, tvö grænleit brot og eitt glært.

Lífræn efni

Bein

Þrjú bein voru skráð sem lausafundir, öll úr spendýrum, samtals um 29 g.

Steinn

Þrjú brot af lélegri flintu <2024-21-2122> voru skráð sem lausafundir. Gripirnir voru af sama efni, en einn var brunninn. Engin ummerki voru um notkun.

4. Niðurstöður

Vesturbúðarhóll er um 110 x 45 m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950.²⁹ Fornleifarannsókn á svæðinu er forsenda hugmynda Vesturbúðarfélgsins um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920, þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka.



Mynd 43. Myndin er tekin árið 1898 og sýnir austurblið Vesturbúðarinnar. ©natmus.dk

Rannsóknarsvæðið 2024 var 23x13 m að stærð, alls um 240 fm². Það afmarkast af undirstöðuveggjum vestasta hússins sem tilheyrði Vesturbúðinni, Fönix. Veggirnir voru afhjúpaðir árið 2021 og flestar hleðslur/viðgerðir árið 2022. Markmið rannsóknarinnar var að ljúka rannsókn á fjarlægja undirstöðuveggjum [G533] sem og öllum hleðslum og viðgerðum meðfram þeim. Ennfremur var ætlunin að kanna hvort eldri mannvirki væru að finna á svæðinu. Ekki náðist af fjarlægja veggina vegna mikils umfangs og ljóst vélgrafa hefði þurft að vera til staðar allan uppgrافتartímann svo það væri hægt. Það fjármagn sem rannsókninni var úthlutað dugði ekki fyrir slíkum kostnaði. Það tókst þó að staðfesta að eldri mannvirki eru undir Fönix. Eldri veggur er innan hússins, skammt vestan og undir vegg [528] og er líklega úr verslunarhúsi sé horft til hleðslunnar. Annað mannvirki [G631] fannst norðaustalega undir Fönix, þar sést hlaðin stétt, veggir og gryfja fóðruð múrsteinum. Mannvirkið er ekki fullgrafið

29

Lilja Árnadóttir 1989: 14.

og tengslin við Föñix eru óljós og verða ekki staðfest fyrr en rannsókninni verður áframhaldið.

Mikill fjöldi gripa hefur fundist við rannsóknir á Vesturbúðarhól síðustu ár og voru skráðir 5.198 fundir undir 981 númeri við rannsóknina árið 2024. Yfir 15.000 gripir hafa því fundist í Vesturbúðarhól frá upphafi rannsókna þar. Heilt yfir er gripasafnið frá árinu 2024 svipað þeim gripum sem fundist hafa við rannsóknina fyrri ár, bæði þegar litið er til gerð gripanna og til þess tímabils sem þeir spanna. Með hverjum áfanga rannsóknarinnar eykst fyrirliggjandi vitneskja um þá starfsemi sem fór fram í Vesturbúðinni, þann varning sem þar stóð til boða og vísbendingar um tengsl verslunarinnar. Það kom t.d. í ljós að klæðisfestingar úr kopar voru þræddar á litla járnkeðju og geymdar með þeim hætti. Einn koparpeningur fannst frá tímum Christians VII. Danakonungs, og má mögulega greina ártalið 1779 á honum. Það er ljóst að varningur, líkt og sökkur, voru að öllum líkindum unnar á staðnum, úr íslensku móbergi.

Heimildaskrá

Ágústa Edwald Maxwell. 2017. *Vesturbúðahóll á Eyrarbakka. Jarðsjármælingar og könnunaruppgröftur*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Cubitt, Rachel S. 2019. „An early type of post-medieval toothbrush?“ *Post-Medieval Archaeology*, 53(3), bls. 298-301.

Graham, Mark. 2017. *Report on Geophysical Survey. Vesturbúðarhóll, Eyrarbakki, Iceland. Coordinates (ISN93) A393867-N375262*. Grampus Heritage and Training Ltd. Bretland.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930*.

Jakob Orri Jónsson. 2022. *Pots, Pipes and Plates : An Archaeology of Consumption in 17th and 18th Century Iceland*. Phd ritgerð við Háskóla Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2847>

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir. *Hafnarstræti 18 í Reykjavík. Framkvæmdarannsókn*. FS743-18491. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. *Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Undirbúningsrannsókn árið 2019*. FS816-17251. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin, Jakob Orri Jónsson & Kevin Martin. 2021. „Pots for socks. Commodity itineraries in the North Atlantic during the 17th and 18th centuries.“ *Post-Medieval Archaeology*, 55:2, 194-210, DOI: 10.1080/00794236.2021.1966244

Lucas, Gavin & Mjöll Snæsdóttir. 2024. *Skálholt: Excavations of a Bishop's Residence and School c. 1650-1790. Volume 2: The Artefacts*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Martin, Kevin. 2021. *Uncovering the Archaeology of the Danish Trade Monopoly in Iceland (1602-1787): Merchant Ships and Trade Ports*. Phd ritgerð við Háskóla Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2967>

